



# SAGA2YA05

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennsluáætlun – vorönn 2022

**Kennari: Lárus Ágúst Bragason og Tómas Davíð Ibsen Tómasson**

**Skammstöfun: LB og TDT**

## Áfangalýsing

Í áfanganum er sögunni fylgt í tímaröð frá upplýsingum fram til dagsins í dag. Aðaláhersla verður á Evrópu og Íslandssögu þótt vísað verði til annarra heimsálfa þar sem tækifæri gefast. Í Íslandssögunni verður lögð áhersla á breytingar frá bændasamfélagi til nútímans, frá sjálfsþurft til iðnvæðingar. Einnig verður litið til til áhrifa erlendra atburða, viðhorfa og skoðana hér á landi. Áfanginn er án lokaprófs.

## Kennsluefni

*Íslands- og mannkynssaga 2*, Gunnar Þór Bjarnason og Margrét Gunnarsdóttir,  
Iðnú: <https://www.idnu.is/vara/vefbok-islands-og-mannkynssaga-2/>

## Yfirferð

Vika	Efni	Verkefni og próf
1 (3. – 7. jan)	Kynning á áfanga	
2 (10. – 14. jan)	1. Byltingar og stríðstímar 2. Frá Vínarfundi til Þjóðfundar	
3 (17. – 21. jan)	3. Iðnbylting og borgarlíf	Verkefni um orsök og afleiðingu
4 (24. – 28. jan)	4. Íslenskt samfélag á 19. öld A-hluti og B-hluti	Fréttaverkefni
5 (31. jan – 4. feb)	5. Þjóðerni, ríkjamyndun og sjálfstæðisbarátta	Skilaverkefni
6 (7. – 11. feb)	6. Vesturheimsferðir og nýlendustefna	Míkróverkefni
7 (14. – 18. feb)	Prófavika	Próf 1
8 (21. – 25. feb)	7. Aldamót	Skilaverkefni
9 (28. feb – 4. mars)	8. Stormasöm ár A-hluti og B-hluti	
10 (7. – 11. mars)	Verkefnavika	Hópverkefni
11 (14. – 18. mars)	9. Mannkynssagan tekur nýja stefnu 10. Heimsstyrjöldin seinni	
12 (21. – 25. mars)	Verkefnavika	Viðtal við eldri ættingja

13 (28. mars – 1. apr)	11. Austur og vestur	
14 (4. – 8. apr)	Prófavika	Próf 2
15 (18. – 22. apr)	15. Ný öld	Verkefni
16 (25. – 29. apr)	Míkróverkefni og skilaverkefni	Verkefni
17 (2. – 6. maí)	Viðtöl	Verkefni

### **Þekkingarviðmið:**

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- helstu þáttum/viðburðum í sögu Íslands og heimsins á 19. og 20. öld
- orsökum og afleiðingum þeirra atburða sem einkenna þetta tímabil og hafa mótað samfélagið eins og við þekkjum það í dag
- heimildaöflun
- að kynna ákveðið viðfangsefni sem byggir á heimildaöflun

### **Leikniviðmið:**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- færa rök fyrir máli sínu
- nota heimildaskrá
- skrifa fræðilegan texta
- geta lýst aðstæðum á tilteknum tíma og rakið atburðarrás í stórum dráttum.
- skýra helstu viðburði Íslandssögunnar
- gera greinarmun á staðreynd og túlkun.
- draga sjálfur ályktanir
- að flytja af nokkru öryggi endursagnir, kynningar og lýsingar á tilteknum málefnum.

### **Hæfniviðmið:**

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- kynna fræðilegt efni á viðeigandi hátt
- færa rök fyrir niðurstöðum
- gera sér grein fyrir orsakir og afleiðingar
- geta rakið þróunarferli einhvers þjóðfélagsþáttar s.s. hugmyndar, atvinnuvegar, menningarsvæðis
- tengt atburði sögunnar við okkar tíma
- geta sýnt kunnáttu sína í ljósu og samfelldu máli

**Sérreglur áfangans:** Ætlast er til að nemendur skili verkefnum á þeim tíma sem þeim er ætlaður. Nemendur fæddir 2002 og fyrr geta samið við kennara um þátttöku og viðveru. Sama gildir um nemendur með opið vottorð.

**Námsmat:**

<b>Námsmat</b>	<b>Lýsing</b>	<b>Vægi</b>
Skilamappa	Spurningar, tímaásar og leiðréttingar	30%
Verkefni	Tímaverkefni, skilaverkefni	20%
Próf	Skrifleg próf	30%
Heimildaverkefni	Heimildaverkefni	10%
Flipp	Fjölbreytt verkefni og námsmat	10%

**Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.**

Selfossi, 3. janúar 2022, Lárus Bragason og Tómas Davíð Ibsen Tómasson